

Fundur haldinn í Kirkjuhvoli í atvinnumálanefnd Skaftárhrepps 18. nóvember 2013 kl. 10:00.
Mættir Guðmundur Ingi, Guðmundur Vignir, Bjarki V. og Eygló.

Fudargerð skráð í tölvu og er ein blaðsíða.

1. Yfirfarin fjárhagsáætlun.

2. Þekkingarsetur – gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs hefur lengi verið á áætlun stjórnvalda og var gestastofa á Kirkjubæjarklaustri næst í röðinni. Fyrirverndi ríkisstjórn hafði ákvarðað á árinu 2013, 293 milljónir króna á fjárfestingaáætlun til byggingar Þekkingarseturs sem gestastofa er hluti af. Nú virðist sem bygging hússins sé í uppnámi og hefur núverandi ríkisstjórn tekið verkefnið alfarið út úr fjárlagafrumvarpi ríkisins 2014.

Litið var til þess að Þekkingarsetrið byði uppá aðstöðu sem gæti skapað fjölbreyttari atvinnumöguleika háskólamenntaðs fólks í Skaftárhreppi. Tilkoma Þekkingarseturs myndi einnig styðja vel við vaxandi ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Sérstakt þótti á landsvísu samvinna hina ýmsu stofnanna sem fyrirhugað var að myndu starfa í húsinu. Sveitarfélagið hefur þegar lagt mikla vinnu og fjármuni í verkefnið.

Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps skorar á umhverfisráðherra að tryggja það að fjármunir til byggingar Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri verði tryggðir á fjárlögum 2014.

3. Friður og frumkraftar.

Atvinnumálanefnd fagnar þeim aukna krafti sem ríkir í starfsemi Friðar og frumkrafta. Á síðasta aðalfundi samtakanna var gerð sú breyting á samþykktum samtakanna að áhersla var lögð á að þau væru hagsmunasamtök atvinnulífsins í Skaftárhreppi. Atvinnumálanefnd vonar að þessi breyting leiði til aukins samstarfs milli nefndarinnar og samtakanna.

4. Ljósleiðaravæðing Skaftárhrepps.

Hafist hefur verið handa við að leggja ljósleiðara í sveitarfélaginu og var það gert með einkaframtaki. Nú er svo komið að skipaður hefur verið vinnuhópur um mögulega lagningu ljósleiðara um allt sveitarfélagið. Fagnar atvinnumálanefnd þessari vinnu og styður við hana.

5. Þriggja fasa rafmagn.

Vöntun er á þriggjafasa rafmagn víða í sveitarfélaginu. Bendir atvinnumálanefnd á þann möguleika að lagning þess gæti verið samferða ljósleiðaraverkefninu til hagræðis fyrir alla aðila. Óviðunandi er fyrir fyrirtæki í sveitarfélaginu að hafa ekki aðgang að þriggjafasa rafmagn, sem leiðir til aðstöðumunar og skertrar samkeppnishæfni innan svæðisins. Skorar atvinnumálanefnd á stjórnvöld að koma að þessu verkefni með orkufyrirtækjum.

6. Sláturhús.

Í sveitarfélaginu hefur stofnun sláturhúss lengi verið í undirbúningi og hefur umsóknarferli staðið yfir í all langan tíma. Atvinnumálanefnd fagnar þessu einstaklingsframtaki sem gæfi vefninu beint frá býli byr undir báða vængi í sveitarfélaginu.

Atvinnumálanefnd vonast til að leyfisveitingar verði brátt í höfn svo starfsemin geti hafist sem fyrst.

Fundið slitið kl. 11:50.

Guðm. Ingi Ingvason
Guðmundur Vignir Sveinsson
Bjarki V. Tórnason